

Nd. **936. Frumvarp til laga** [514. mál]

um bann gegn viðskiptum við Suður-Afríku og Namibíu.

Flm.: Kjartan Jóhannsson, Páll Pétursson, Ólafur G. Einarsson,
Kristín Einarsdóttir, Steingrímur J. Sigfússon.

1. gr.

Óheimilt er að flytja til Íslands vörur sem upprunnar eru í Suður-Afríku eða Namibíu.

Óheimilt er að flytja frá Íslandi vörur til Suður-Afríku eða Namibíu eða gera samning um útflutning vara frá Íslandi þegar ljóst má vera við gerð samningsins að endanlegur áfangastaður varanna er Suður-Afríka eða Namibía.

2. gr.

Utanríkisráðherra er heimilt að veita undanþágu frá ákvæðum 2. mgr. 1. gr. ef mannúðarástæður mæla með því.

3. gr.

Brot gegn ákvæðum þessara laga varða sektum eða allt að þriggja mánaða fangelsi þegar sakir eru miklar.

Með brot skal farið að hætti opinberra mála.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Lögum þessum verður ekki beitt vegna innflutnings eða útflutnings sem á sér stað innan fjögurra mánaða frá gildistöku þessara laga, enda hafi verið samið um slík viðskipti fyrir gildistöku þeirra.

Greinargerð.

Með frumvarpi þessu er lagt til að sett verði bann á innflutning frá og útflutning til Suður-Afríku og Namibíu. Norðurlandabjóðirnar hafa einum rómi fordæmt kúgunarstefnu Suður-Afríku gegn meiri hluta íbúanna og ólöglegar aðgerðir Suður-Afríku í Namibíu. Vísast í þessu sambandi til ítrekaðra yfirlýsinga utanríkisráðherra Norðurlanda. Með samþykkt þessara laga skipar Ísland sér í hóp þeirra þjóða sem með formlegum hætti lýsa yfir viðskiptabanni á Suður-Afríku í þeim tilgangi að þrýsta á ríkisstjórn landsins til þess að láta af stefnu sinni.

Þótt almennt megi segja að Norðurlöndin og önnur vestræn ríki styðji frjáls viðskipti er ljóst að um Suður-Afríku geta venjulegar reglur ekki gilt. Endurteknar tilraunir Norðurlandabjóðanna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna, m.a. í öryggisráðinu, hafa ekki borið tilætlaðan árangur. Var því sú leið farin í hinum einstöku löndum að setja löggjöf sem felur í sér viðskiptahömlur.

Það hefur verið stefna íslenskra stjórnvalda að draga úr viðskiptum við Suður-Afríku. Innflutningur hefur undanfarin ár verið að verðmæti 20–30 milljónir króna, en útflutningur 3–5 milljónir króna. Árið 1987 voru fluttar inn vörur frá Suður-Afríku fyrir 32,9 milljónir króna, en út voru fluttar vörur fyrir 4,5 milljónir króna. Innflutningurinn frá Suður-Afríku var 0,05% af heildarinnflutningi landsmanna og hefur hann farið minnkandi frá árinu 1984. Útflutningur hefur haldist hlutfallslega óbreyttur og verið tæplega 0,01% af heildarútflutningi. Þær vörur sem fluttar eru inn frá Suður-Afríku eru aðallega ávextir og lítils háttar er flutt inn af fatnaði og trjáviði. Útflutningur er aðallega meðalálýsi og ýmiss konar útgerðarvörur, svo sem fiskkassar, hör og trollrúllur.

Íslensk stjórnvöld hafa ítrekað skrifað ýmsum félagasamtökum bréf þar sem eindregnum tilmælum er beint til þeirra að hætta viðskiptum við Suður-Afríku meðan stjórnvöld þar í landi fótum troða mannréttindi meiri hluta íbúa landsins. Ýmis félagasamtök, t.d. Alþýðusamband Íslands og Verkamannasamband Íslands, hafa tekið þessum tilmælum vel, en ljóst er að hvatning stjórnvalda ein sér tryggir ekki tilætlaðan árangur.

Á fyrstu mánuðum þessa þings var borin fram þingsályktunartillaga um viðskiptabann við Suður-Afríku. Tillagan hefur hlotið ítarlega umfjöllun í utanríkismálanefnd. Athugun hefur leitt í ljós að ekki er fært að koma á innflutningsbanni á vörur frá Suður-Afríku, nema með lögum þótt útflutningsbann sé unnt að ákveða með reglugerð. Þingsályktun hrekkur því ekki til ef setja á almennt bann á viðskipti við Suður-Afríku. Það frumvarp sem hér er flutt er á þeim grunni reist að þörf sé lagasetningar.

Orðið hefur að ráði að utanríkismálanefndarmenn úr þeim þingflokkum sem fylgja vilja þessu máli fram flytji það frumvarp til laga sem hér birtist og hefur um það verið haft samráð við aðra nefndarmenn þeirra flokka í utanríkismálanefnd.

Frumvarp þetta tekur mið af lögum annars staðar á Norðurlöndum, en tekið er tillit til íslenskra aðstæðna, sbr. athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins. Það er von flutningsmanna að breið samstaða náist meðal þingmanna um stuðning við frumvarp þetta.

Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. gr. er sett bann við innflutningi og útflutningi til og frá Suður-Afríku og Namibíu. Samkvæmt 2. mgr. verður einnig óheimilt að flytja vörur til þriðja lands ef ljóst má vera að áfangastaður vörunnar er Suður-Afríka eða Namibía.

Vegna aðstæðna á Íslandi er ekki talin ástæða til að leggja bann við starfsemi íslenskra skipa og flugvéla hvað varðar Suður-Afríku eða Namibíu né við fjárfestingum eða öðrum umsvifum fjármálalegs eðlis. Sé ástæða til má bregðast við slíku síðar.

Um 2. gr.

Ekki er gert ráð fyrir heimild til undanþágu frá innflutningsbanni. Hins vegar er utanríkisráðherra veitt heimild til þess að veita undanþágu frá ákvæðum 2. mgr. 1. gr. Er ætlunin að þessari undanþáguheimild verði einungis beitt í algjörum undantekningartilfellum ef mannúðarástæður mæla með því.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um 4. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.

Um ákvæði til bráðabirgða.

Sanngjarnt þykir að gera í lögnum ráð fyrir fjögurra mánaða aðlögunartímabili vegna samninga sem þegar hafa verið gerðir.